

## GIKKFINGUR

**Gikkfingur** (enska: *trigger finger*) skapast þegar hnúður myndast á beygjusin. Orsökina er þykkun á bandi, sem að jafnaði heldur sininni á sínum stað, upp að beini. Þykkni bandið, þæfist sinin og hnúður myndast á henni. Þegar svo reynt er að beygja fingurinn finnst og jafnvel heyrast smellur þegar hnúðurinn rennur undir bandið. Flestir með ástandið eru hraustir fyrir en tíðnin er vissulega hærrí hjá fólki með ákveðna sjúkdóma eins og sykursýki eða liðagigt.

**Einkenni** eru smellir og verkir við beygju og réttu fingurs. Eymsli eru við þreifingu yst í lófa, við rót fingursins. Einkenni eru tíðum verst á morgnana. Stundum þarf fingurinn jafnvel aðstoð hinnar handarinnar til að rétta úr sér.

**Rannsóknir** þarf ekki séu einkenni skýr.

**Meðferð** getur verið af ýmsum toga. Ástandið getur stökum sinnum eingöngu minnt á sig með eymslum án smella og læsinga og horfið af sjálfu sér. Minnkað álag, t.d. í sumarleyfi, leiðir stundum til minni einkenna. Spelka, sem heldur fingrinum beinum í einhverjar vikur, getur linað einkenni, a.m.k. um hríð. Sterasprautu að bandinu getur bætt ástandið, að minnsta kosti tímabundið. Sé gikkfingurinn vegna sjúkdóma eins og sykursýki eða liðagigtar er sprautu gagnslítill.

**Skurðaðgerð** er árangursrík. Hún er gerð í staðdeyfingu án kæruleysislyfja. Lítill skurður er lagður yfir þrenginguna. Bandið, sem þrengir að sininni, er skorið eftir endilöngu. Eftir að sárið er saumað er lítill plástur límdur yfir það. Gott er að hlífa hendinni í nokkra daga og halda henni í hástöðu, t.d. í hæð við hjartað. Ástandið kemur sjaldnast aftur á sama fingur eftir aðgerð.

**Fjarvistir frá vinnu** eftir aðgerð eru algjörlega háðar starfi og afstöðu sjúklings. Sé hægt að vinna án handarinnar snúa sumir til vinnu daginn eftir aðgerð. Fólk í líkamlega erfiðum störfum eins og smíðum eða ummönnun er flest frá vinnu í einhverjar vikur.